

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um rekstur ÁTVR og lýðheilsuþætti.

Frá Ingibjörgu Isaksen.

1. Telur ráðherra eðlilegt að rekstur ÁTVR falli undir málefnasvið fjármála- og efnahagsráðherra í ljósi þess að reksturinn grundvallast á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011, en lýðheilsuþætti þeirra laga byggjast m.a. á að bæta lýðheilsu og á samfélagslegri ábyrgð, að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks?
2. Telur ráðherra eðlilegra og heppilegra að rekstur ÁTVR væri á málefnasviði annars ráðherra og ef svo er, hvaða ráðherra?

Skriflegt svar óskast.